

16. gr. samþykktanna breytist og orðast svo:

Gjaldtaka

Bæjarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi m.a. uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Við ákvörðun gjaldsins er heimilt að miða við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda íláta, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila, auk kostnaðar sveitarfélagsins við aðra þætti við meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. ml. 1. mgr. 16. gr. samþykktarinnar. Sveitarfélaginu er heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald annars vegar og breytilegt gjald hins vegar á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sörpíláta, þjónustustig og fastan kostnað við rekstur innviða. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, íbúðarhús, lögbýli, frístundahús, útihús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu og staðsett er í sveitarfélaginu.

Gjöld skulu innheimt sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og skulu gjöld ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits.

Gjöld fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjald fyrir íbúðir í fjöleignarhúsi er innheimt í hlutfalli við fermetrafjölda hvernar íbúðar af heildarkostnaði fasteignarinnar. Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Innheimta vegna ýmissa aukagjalda er eftir á við næstu mánaðamót.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.